

Reykjavík 29. mars 2016

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. (Þingskjal 183 – 180. mál)

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkominni þingsályktunartillögu um að fela ríkisstjórninni að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, og telja það skref tímabært.

Barnaheill vilja taka undir orð Landssamtakanna Proskahjálpar sem segja í innsendri umsögn sinni mismunun á grundvelli fötlunar vera mikla hvarvetna í heiminum, og sé Ísland þar engin undantekning á. Mismunun á grundvelli fötlunar er ólögmat samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, stjórnarskrá og ýmsum öðrum lögum. Þó réttindi fatlaðra barna séu að nokkru leyti varin í Barnasáttmálanum þá eru réttindi þeirra varin með mun ítarlegri hætti í samningnum um réttindi fatlaðs fólks og því er rétt að mæla með fullgildingu hans fyrir fötluð börn. Það er auk þess mikilvægt að réttindi fatlaðra barna séu tryggð til framtíðar, fatlaðir halda áfram að vera fatlaðir eftir 18 ára aldur.

Að mati Barnaheilla er Íslandi rétt og skylt að fullgilda umræddan samning hið allra fyrsta, þar sem Ísland er eitt fárra ríkja sem ekki hafa fullgilt samninginn og vegna þess að Barnasáttmálinn hefur verið fullgiltur og lögfestur og það ætti ekki að gera minni kröfur til ríkisins um mannréttindi fatlaðs fólks. Afar mikilvægt er að vinna gegn mismunun á grundvelli fötlunar með öllum tiltækum ráðum.

Fullgilding samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks yrði auk ofangreinds táknaðen aðgerð sem gæfi til kynna vilja þjóðarinnar til að vinna gegn mismunun gegn fötluðum og ætti að leiða til aukinnar meðvitundar almennings um mikilvægi þess að virða réttindi fatlaðra til jafns á við annarra.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja mikla áherslu á jafnan rétt allra barna til lífs og þroska og til jafnra tækifæra í samfélaginu. Því samræmist það hlutverki samtakanna og Barnasáttmálanum afar vel að hvetja Alþingi til að samþykkja ofangreinda þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri